

Ungmennaráð – Ísak Örn

Ágætu bæjarfulltrúar, bæjarstjóri og aðrir gestir, ég heiti Ísak Örn Elvarsson og er fulltrúi ÍA til ungmennaráðsins.

Það hefur eflaust ekki farið framhjá neinum að þetta ár hefur verið öðruvísi vegna Corona veirunnar en við látum það ekki stoppa okkur. Það sem ég ætla að tala um er tvíþætt, annarsvegar ÍA og samstarf við Akraneskaupstað og hinsvegar umhverfis mál bæjarins.

Eftir samtali við Guðmundu Ólafsdóttir framkvæmdarstjóra ÍA þá var það ljóst að bandalagið þarf að móta stefnu fyrir ungmenni innan bandalagsins og sú vinna er nú þegar hafin.

Brottfall unglunga sem eru 16 ára og eldri er þáttur sem þarf klárlega að skoða betur og reyna að minnka.

Aðgengi að íþróttarsálfræðing er mikilvægur þáttur í því að halda andlegri heilsu íþróttaiðkenda stöðugri þar sem kvíði, pressa, ofkeysla, kulnun og margt annað getur tekið á unga iðkendur. Slík þjónusta getur verið mjög dýr fyrir fólk að sækja reglulega og gæti því verið þörf á því að bærinn hjálpi þar fjárhagslega. Guðrún Kartensdóttir er sálfræðingur með sérsvið í íþróttarsálfræði sem hefur komið og unnið með iðkendur ÍA í samstarfi við UMFÍ og voru iðkendur mjög glaðir að fá slíka þjónustu og það sýndi mikinn árangur.

Að stunda margar íþróttir hefur marga kosti og mæla margir sérfaðingar með því að börn stundi fleiri en eina íþrótt að 15 ára aldir og fari svo að sérhæfa sig, en að stunda margar íþróttir er oft dýrt og því gæti það verið þörf fyrir jöfnunarstyrk til bandalagsins til að geta veitt krökkum afslátt af gjöldum ef þau eru í mörgum íþróttum.

Að lokum vil ég hrósa öllum þeim sem komu að því að mynda gott umhverfi til að stunda íþróttir á Akranesi, takk fyrir mig.

Umhverfismál

Ágætu bæjarfulltrúar, bæjarstjóri og aðrir gestir. Ég heiti Ísak Örn Elvarsson og ætla að koma inn á umhverfismál Akraness.

Umhverfismál Akraness eru alltaf að verða betri með hverju ári og eigið hrós skilið fyrir það, á bæjarstjórnarfundi með ungmennaráðinu í fyrra þá komu nokkur mál varðandi umhverfis tengd verkefni bæjarins, meðal þeirra voru;

- Ýmis verkefni á Grundartanga svæðinu, eins og Carbix, eldsneytis framleiðsla unnin úr auka afurðum verksmiðjanna og varmavirkjun í samstarfi við Elkem. Ólafur Adolfsson gæti mögulega upplýst okkur um stöðu þessara mála betur.
- Nýr strætó sem væri þá mögulega rafknúinn eða með því umhverfisvæna eldsneyti sem yrði framleitt í Grundartanga verkefninu. Ragnar B. Sæmundsson gæti mögulega gefið okkur meiri upplýsingar um stöðu þessara mála.

Rafknúnir bílar á Akranesi hafa aukist gríðarlega á undanförunum árum sem er góð aukning, þeim fylgja hleðslustöðvar, bærinn hefur tekið vel á móti því og hefur sett upp hleðslustöðvar á fjórum almenningsstöðum á Akranesi í samstarfi við Veitur og taka þátt í kostnaði á uppsetningu hleðslustöðva fyrir fjölbýlishús, bærinn á skilið stórt hrós fyrir þetta.

Þar sem nýtt deiluskipulag fyrir skógrækt var samþykkt í bæjarstjórn þá er tilvalið á fá okkur ungafólkið til að taka þátt þar, sér svæði eru þar fyrir Brekkubæjarskóla og Grundaskóla þannig það er tilvalið að hafa nemendur með í gróðursetningu á því svæði, jafnvel hægt að hafa skógræktar dag þar sem öll skólastig á Akranesi fara og planta trjám, tína fræ eða eitthvað annað sniðugt.

Þá er komið að lokum hjá mér, takk kærlega fyrir mig.